

# Er fríhöfnin ódýrari?

**Áfengiskaup eru hagstæðari; sælgæti er á sama verði og í almennum verslunum En fríhöfnin keppir líka við verslanir í útlöndum og þá ekki bara um verð því það er ótvíræður kostur að þurfa ekki að pakka öllum varningnum í ferðatöskuna.**

Oft heyrast efasemdaraddir um hvort orðið „fríhöfn“ lýsi verslunum í Leifsstöð á raunhæfan hátt og hvort það sé virkilega ódýrara að versla þar en í „venjulegum“ verslunum. „Ég sá sama sælgætið í Bónus á lægra verði“, hef ég stundum heyrt. Ég reyndi að komast nær sannleikanum með því að gera verðsamanburð á milli komufríhafnarinnar í Leifsstöð og verslana í Reykjavík.

Ég skoðaði verð í komufríhöfninni þann 22. mars síðastliðinn, daginn fyrir páska. Ég reyndi að velja mjög algengar vörur sem voru líklegar til að fást víða. Þriðjudaginn eftir páska, þann 25. mars, skoðaði ég verð í ÁTVR á Eiðistorgi og í tveimur verslunum í Reykjavík sem þekktar eru fyrir að vera í ódýrari kantinum: Bónus (á Fiskislóð) og ELKO (í Skeifunni). Til viðbótar þurfti ég að leita í Hagkaup (á Eiðistorgi) til að finna þrjár vörur sem ekki voru til í Bónus.

## Áfengi mun ódýrara í Fríhöfninni

Verðkönnunin leiddi í ljós að kostir fríhafnarinnar eru misjafnir eftir vöruflokkum. Það er t.d. mjög hagstætt að kaupa áfengi í fríhöfninni og hagstæðara að kaupa sterkt áfengi en bjór eða léttvín. Sterkt áfengi var að meðaltali 163% dýrara í ÁTVR en í fríhöfninni. Hins vegar var bjór 78% dýrari í ÁTVR og léttvín 43% dýrara.

## Borgar sig varla að kaupa sælgæti í Fríhöfninni

Það er hins vegar ekki hagstæðara að kaupa sælgæti í fríhöfninni. Ég bar saman níu íslenskar sælgætistegundir. Bæjarverðið var lægra í þremur tilfellum, fríhafnarverðið lægra í fjórum tilfellum og í tveimur tilfellum var um sama verð að ræða. Sælgæti er stundum selt í stórum pakkningum í fríhöfnum sem virðist gefa til kynna að hægt sé að spara með magninnkaupum. En 8 stakir Draumar keyptir í Bónus voru ódýrari (98 kr. hver eða 784 kr. samtals) en 8 Drauma pakkning keypt í fríhöfninni (899 kr.).

Erlent sælgæti var örliðið dýrara í fríhöfninni en þó er úrvalið vissulega meira þar. Af þeim fjórum tegundum sem einnig voru til í Reykjavík (þrjár í Bónus og ein í Hagkaup) voru tvær dýrari og tvær ódýrari. Að meðaltali voru þær 6% dýrari í fríhöfninni og einnig var karfan 7% dýrari í fríhöfninni. Athyglisvert var að hið vinsæla After Eight og Quality Street var ódýrara í Bónus en í fríhöfninni.

## Gott úrval af sælgæti

Einn kostur fríhafnarinnar er að úrvalið af áfengi og erlendu sælgæti er mikið. Það var ýmislegt til í fríhöfninni sem var erfitt eða ómögulegt að finna í Reykjavík, t.d. íslensku vintegundirnar Kvöldsóll og Haustsóll, tíu ára gamalt Laphroaig Single Malt viski, Lindt Swiss Premium Milk súkkulaði, og Cadbury Dairy Milk Fruit & Nut súkkulaði.

## Rafvörur aðeins ódýrari

Ferðamenn geta sparað aðeins með því að kaupa rafvörur í fríhöfninni. Ég skoðaði Lexar minniskubba, Nokia hleðslutæki,

Panasonic þráðlaus sýma með íslenskum leiðarvísi og Duracell Plus rafhlöður og voru þessar vörur að meðaltali 29% dýrari í Reykjavík en í fríhöfninni. Aðeins tvær vörur voru örliðið ódýrari í Reykjavík: 4GB minniskubburinn kostaði 3.999 kr. í fríhöfninni en 3.995 kr. í ELKO í Skeifunni, og 9V rafhlaðan, sem fékkst fyrir 359 kr. í fríhöfninni, fékkst fyrir 358 kr. í Bónus (445 kr. í ELKO). Einnig var ódýrara að kaupa tveggja geisladiska útgáfu af „Harry Potter and the Order of the Phoenix“ í fríhöfninni (1.799 kr.) en í Hagkaupum (1.999 kr.).

## Má ekki flytja inn mikið af varningi

Ekki má gleyma að fríhöfnin er alls ekki óþrjótandi bland í poka. Varningur úr fríhöfninni lýtur sömu reglum og varningur sem keyptur er í útlöndum og þetta á ekki bara við um áfengi. Almennit má verðmæti tollfjálsa varningsins ekki vera meira en 46.000 kr. og verðmæti hvers hlutar ekki vera meira en 23.000 kr. Auk þess þarf að borga toll ef komið er til landsins með meira en 3 kíló eða 13.000 kr. virði af matvörum (sælgæti telst til matvara). Þó að tollverðir í Keflavík virðist hafa lítinn áhuga á að telja hvert sælgætisgramm hef ég oft séð þá leita í fríhafnarplastpokum sem liggja efst uppi á farangurskerrum ferðamanna. Það eru því algeng mistök að halda að orðin „fríhöfn“ og „duty free“ þýði að ekki þurfi að borga gjöld af því sem keypt er í fríhöfninni. Þeir afslættir sem fríhöfnin veitir eru bara á þeim varningi sem rúmast innan tollfríðinda þegar komið er til landsins.

Þetta þýðir að vissu leyti að fríhöfnin keppir Ofrekar við búðir í útlöndum en við búðir á Íslandi. Fríhöfnin keppir um þau innkaup ferðamanna sem fara fram utan tollamúra Íslands og réttara er að bera verð í fríhöfninni saman við verð í útlöndum.

## Samanburður við útlönd

Sama dag og ég skoðaði verð í Reykjavík settist ég við tölvu og reyndi (á ókerfisbundinn hátt) að finna sömu vörur til sölu erlendis á lægra verði en í fríhöfninni. Í sumum tilfellum tókst það





auðveldlega en í öðrum ekki. Það var mjög auðvelt að finna sams konar vínflöskur og seldar eru í frihöfninni á lægra verði í Bandaríkjunum. Verðið á M&Ms og After Eight í kjörbúðinni í Bandaríkjunum þar sem foreldrar mínir versla var aðeins hærra en í frihöfninni hér. Það var gaman að sjá hve sælgæti frá Anthon Berg var miklu dýrara í frihöfninni í Kaupmannahöfn en á Íslandi; það var hins vegar aðeins ódýrara á mörgum bandarískum póstverslunarvefsíðum. Frihöfnin kom ekki eins vel út í raftækjadeildinni. Ég fann minniskubba á betra verði í Þýskalandi og rafhlöður eru miklu ódýrari í Bandaríkjunum. Erfitt er að standa í verðsamburði þegar maður er staddur í frihöfninni. Gott er að skoða verðskrá frihafnarinnar á netinu áður en farið er til

útlanda og bera verðið saman við búðir á Íslandi og í útlöndum.

#### Léttari ferðatöskur

Kosturinn við að versla í frihöfninni frekar en í útlöndum er að ekki þarf að pakka vörunum niður í tösku á leiðinni heim og því telst þyngd þeirra ekki til farangursheimildar. Á sumum flugvöllum, t.d. í Frankfurt, er mjög strangt eftirlit með töskubýngd og því er gott að geta keypt vörur á „útlensku verði“ eftir að komið er heim til Íslands. Þjórdósir og vínflöskur eru sérstaklega þungar og gott er að geta keypt þær eftir lendingu.

Það getur verið góð hugmynd að kaupa í frihöfninni gjafir fyrir fólk í útlöndum (íslenskt sælgæti eða áfengi). Það felst mikill

sparnaður í því að kaupa íslenskt áfengi í frihöfninni frekar en í ÁTVR og minni hætta er á því að töskur séu of þungar við innritun. Rökin fyrir því að kaupa íslenskt sælgæti í frihöfninni á leiðinni til útlanda eru ekki eins sterk en það er að minnsta kosti ekkert tap á því að meðaltali.

Annað gott ráð fyrir þá sem eru á leiðinni til útlanda og vilja versla þar er að panta vörur frá útlenskum vefverslunum. Láttu senda vörurnar til hótels eða vinfólks í útlöndum í stað þess að eyða dýrmætum ferðatíma í að hendast á milli verslana í leit að besta verðinu. Það er vinsælt og fint að versla hjá Amazon en ekki gleyma öllum hinum (ég var t.d. nýlega mjög ánægður með kaup hjá nutsonline.com í Bandaríkjunum).

Ian Watson

10-11

11-11

Actavis

Apótekarinn.

Apótekið.

Atlantsólía

Banarar

Bensínorkan

Borgun

Bónus

Brimborg

Búr

Byko

Ego.

Eimskip

elisabet.is.

Europris

Frumherji

Glitnir

Hagkaup

Hekla

Húsasmiðjan

Iceland Express

Icelandair

IKEA

Íslandspóstur

Kaskó

Kjarval.

Krónan

Landsbankinn

Lyf og heilsa

Lyfja

Matfugl

Mest

MS

N1

Nettó

Nóatún

Nói-Síríus

Orkuveita Reykjavíkur

Penninn

Rúmfatalagerinn

Samkaup-Strax

Samkaup-Úrval

Samskip

Securitas

Skeljungur

Sláturfélag Suðurlands

SPARISJÓÐIRNIR

Tryggingamiðstöðin

Vátryggingafélag Íslands

Visa Ísland

Vífelfell

Vínbúð

Vodafone

Vörður tryggingar hf.

Öryggismiðstöðin